

Laugarseiði ehf.
Grandagarði 16
101 Reykjavík

Selfossi, 10. júní 2025
UOS2505340/K.B.B
16.05.00

Handhafabreyting á starfsleyfi – Landeldi á laxfiskum í Eyjarlandi Bláskógabyggð

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Veiðifélags Eystri-Rangár ehf., kt. 530492-2659, og Laugarseiða ehf., sem barst stofnuninni þann 23. maí 2025. Óskað er eftir því að færa starfsleyfi Veiðifélags Eystri-Rangár, sem hefur leyfi til eldis á 20 tonna landeldi á laxfiskum í eldisstöð félagsins að Eyjarlandi, Bláskógabyggð, útg. 23. júní 2021, yfir á nýjan rekstraraðila Laugarseiði ehf.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið yfir til Laugarseiði ehf., kt. 561224-0800.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá handhafa starfsleyfis, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um færslu starfsleyfisins er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur